


# Teningaspil

---

Gögn: Autt blað fyrir hvern þátttakanda, skriffæri og 3 teningar

Framkvæmd: Hver leikmaður skrifar tölurnar frá 1 upp í 12 á blað. Tvær raðir eins og sýnt er hér að neðan.



Teningunum er kastað og fjöldi punkta á þeim lagður saman á alla þá vegu sem hægt er og strikað yfir þær summur sem fram koma, en þó má aldrei hlaupa yfir tölu í röðinni. Dæmi:

- Teningarnir sýna 1, 3 og 5. Strika má yfir 1, en ekki 3, 4, 5, 6, 8 og 9 þar sem ekki er hægt að strika yfir 2.
- Teningarnir sýna 1, 2 og 4. Strika má yfir 1,2,3,4,5,6 og 7.
- Teningarnir sýna 2, 3 og 5. Ekki er hægt að strika yfir neitt nema tekist hafi að strika yfir 1 í fyrri umferð. Þá væri hægt að strika yfir 2 og 3 en ekki meira þar sem ekki er hægt að strika yfir 4.

Byrjað er á 1 í efri röðinni og endað á 1 í neðri röðinni. Leikmenn skiptast á að gera. Sá vinnur sem nær fyrstur að strika út 1 í neðri röðinni, þ.e. alla sína reiti.

Góða skemmtun!